

Original Spärrvitt Isolerande Einangrunarmálning



Efnislýsing

Original Spärrvitt Isolerande er bæði vatnsþynnanlegur hvítur einangrunargrunnur og þekjandi málning sem getur staðið ein og sér sem lokaumferð. Original Spärrvitt Isolerande er heppileg málning til yfirmálunar á loftum eða veggjum sem hafa mislitast vegna raka, sóts, nikótíns, kertanotkunar eða bruna innanhúss. Original Spärrvitt Isolerande inniheldur efni sem stoppar blæðingar frá undirlaginu.



Meðhöndlun

Óhreina fleti skal þvo með Original Málartvätt. Glansandi fleti skal slípa matta áður en grunnað er til að ná góðri viðloðun. Fleti með litla viðloðun (t.d. olíulakkaða fleti) skal grunna með Original Häftgrund Snickeri til að tryggja sem bestan árangur. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Flöturinn málaður einu sinni til tvisvar með Original Spärrvitt Isolerande með minnst 16 klukkutíma millibili. Ef vart verður við blæðingu eftir fyrstu umferð þá skal undantekningarlaust mála aðra umferð. Oftast nægja tvær umferðir af efninu til að einangra undirlagið. Í sumum mjög erfiðum tilfellum þarf þrjár umferðir af Original Spärrvitt Isolerande til að loka algjörlega fyrir blæðingu.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Alkýðþeytulausn

Gljástig: 3%

Þurrktími við 23°C/50% raka: Gegnumþurrt eftir 4 klst., yfirmálun möguleg eftir 16 klst.

Loft-/yfirborðshiti við málun: Minnst +5°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l.):

Inniheldur mest 5 g/l.